

Mýsköpun ehf. - hluthafalán

Stjórn Mýsköpunar ehf. hefur samþykkt að leita til hluthafa um lán að fjárhæð allt að 50 m.kr. Viðræður við stærstu hluthafa félagsins eru hafnar en stefnt er að því að afgreiða lánið eigi síðar en í lok nóvember. Bréf þetta er sent til stærstu hluthafa Mýsköpunar ehf, Þingeyjarsveitar, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Fjárfestingarfélag Þingeyinga ehf, KEA (Upphaf) og Jarðbaðanna ehf.

Líkt og nánar verður farið yfir hér að neðan er félagið á þeim stað að hlutafjárútkning er ekki talin skynsamleg fyrr en á síðari helmingi ársins 2025 eða þegar skýrari mynd er komin um framtíðaráætlanir. Með ráðningu nýs framkvæmdastjóra hefur framtíðarmyndin breyst nokkuð og var það samdóma álit stjórnar að skynsamlegt væri að leyfa þeirri mynd að mótast betur áður en leitað yrði til fjárfesta og þá bæði núverandi og nýrra.

Félagið hefur rekstrarfé (runway) til loka nóvember og því er brýnt að hluthafar komi að rekstrinum með fjármagn til að styðja við áframhaldandi þróun og starfsemi. Stefnt er að hlutafjárútbóði á 3. ársfjórðungi 2025 og verður þá lögð áhersla á að laða að nýja fjárfesta.

Lánveitingin verður á formi skuldabréfs með breytirétti og 10% vöxtum p.a. Breytiréttur virkjust við fyrrnefnt hlutafjárútbóð sem stefnt er að. Skuldabréfaeigendur geta þá skuldbreytt láni með vöxtum í hlutafé á útbóðsgengi með 20% afslætti.

Hvað er einstakt við Mýsköpun ?

Félagið hefur síðustu árin unnið að rannsóknum á örþörungum og þörungaræktun við Mývatn. Sérstaða félagsins felst m.a. í tveimur tegundum af örþörungum sem hafa verið einangraðir og ræktaðir og teljast vera heilsusamlegir og með margs konar nýtingarmöguleika í matvælaframleiðslu og þróun á heilsubótarefnum. Mýsköpun hlaut nýverið stóran styrk frá Tækniþróunarsjóði til að skoða hvort örþörungar geta nýst sem bætiefni í fóður fyrir laxaseiði. Verkefnið er unnið í samstarfi við öfluga aðila í matvælaíðnaði, Samherja fiskeldi, Matís og Fóðurverksmiðjuna Laxá á Akureyri. Þá á Mýsköpun í samstarfi við Landsvirkjun um nýtingu á húsnæði og orku.

Staðan hjá félaginu

Félagið var stofnað árið 2013 og hefur notið mikils velvilja Landsvirkjunar sem hefur skaffað ódýrt húsnæði og orku auk þess sem sveitastjórn og heimamenn eru áhugasamir um framgang þess og stutt það.

Þegar Nýsköpunarsjóður kom að félaginu á árinu 2023 kom í ljós að framgangur var hægur og heildarmynd ekki nægjanlega skýr. Unnið var að því að móta stefnu og áætlanir sem leiddu til þess að gera breytingar á stjórn félagsins. Framkvæmdastjóra var því sagt upp störfum á vormánuðum.

Samkomulag náðist við fráfarandi framkvæmdastjóra um að gegna stöðunni fram í miðjan september og var ákveðið að nýta tímann til að ráða nýjan framkvæmdastjóra.

Auglýst var eftir framkvæmdastjóra sl. sumar sem 15 manns sóttu um og voru 3 teknir í viðtal. Dr. Ingólfur Bragi Gunnarsson var ráðinn í stöðuna en hann er með doktorspróf í líftækni og hefur starfað við og stýrt þörungaræktun í nærri áratug. Fyrst í 8 ár hjá Algalíf og svo í tæp 2 ár hjá Running Tide.

Ingólfur hóf störf 1. september sl. en tveir aðrir starfsmenn starfa fyrir Mýsköpun og annar í 50% hlutfalli. Félagið er með aðsetur sitt í Mývatnssveit í húsnæði sem Landsvirkjun á í Bjarnarflagi. Ingólfur á rætur á Akureyri og er nýlega fluttur þangað og hefur viðveru í Mývatnssveit að lágmarki þrjá daga vikunnar.

Rekstrarkostnaður félagsins er 5-6 m.kr. pr.mánuð og miðað við sjóðsstöðu í dag þá er félagið rekstrarhæft til loka nóvember mánaðar.

Framtíðaráform

Með ráðningu nýs framkvæmdastjóra má segja að nýr kafli sé að hefjast hjá félaginu. Ingólfur Bragi hefur bæði menntun, reynslu auk brennandi áhuga. Stjórnarmenn hafa átt góða fundi með honum þar sem hann hefur lýst því hvernig hann sér fyrir sér næstu mánuði. Taka þarf endanlega ákvörðun um hvaða þörungi félagið ætlar að einbeita sér að og hvort viðskiptavinurinn eigi að vera B2B eða B2C. Þá má einnig geta þess að Ingólfur er í góðu sambandi við sína fyrrum vinnuveitendur Algalíf varðandi mögulegt samstarf og viðskipti.

Á aðalfundi félagsins í vor var ákveðið að styrkja stjórn félagsins og fá betri tengingu við Háskóla- og vísindasamfélagið með því að fá Rannveigu Björnsdóttur lektor við HA inn sem aðalmann í stjórn. Það er mikill fengur að því enda er Rannveig bæði menntuð á þessu sviði og með góð tengsl og reynslu.

Hluthafalánið

Í langtímaáætlun félagsins var gert ráð fyrir að ráðast í hlutafjárútkningu í lok þessa árs. Stjórn er hinsvegar sammála um að hlutafjárútkning sé ekki tímabær vegna hægrar þróunar og ofangreindra breytinga. Því er lagt upp með að hluthafar láni félaginu fyrir rekstri næstu mánuði eða þar til hlutafjárútbod er talið skynsamlegur kostur.

Hluthafar Mýsköpunar eru margir en af þeim eru 6 hluthafar með tæp 60%. Aðrir hluthafar eiga minna en 5% hver og flestir reyndar undir 1%. Um er að ræða hóp einstaklinga sem verður að teljast afar ólíklegt að taki þátt. Það er því nokkuð ljóst að hluthafalánið kemur til með að lenda á stærstu hluthöfum.

Áhætta

Stærsta áhættan í dag er að ekki takist að fjármagna félagið til næstu mánuða. Takist að fjármagna félagið fram á síðari helming næsta árs (2025) verða framtíðaráætlanir félagsins betur mótaðar þannig að nýir fjárfestar verði líklegri til að hafa áhuga á því að koma að félaginu. Tiltölulega fáir eru í þörungaræktun í dag á Íslandi en almennt er talið að hægt sé að skapa sérstöðu hér fyrir ræktun vegna hreinleika vatns og aðgengi að orku. Mýsköpun er í lykilstöðu til að hasla sér völl á markaði sem er enn tiltölulega lítið ásettur.

Tímalínan og þátttaka

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur staðfest þátttöku í fyrirhuguðu hluthafaláni fyrir allt að 25 m.kr. Stærsti hluthafi félagsins, Þingeyjarsveit, hefur tekið jákvætt í þátttöku en endanleg ákvörðun verður tekin á sveitarstjórnarfundum þann 24. október. Óskað er eftir svörum frá viðtakendum þessa bréfs fyrir 29. október næstkomandi en þá verður stjórnarfundur hjá Mýsköpun. Ráðgert er að halda hluthafafund í Mýsköpun fyrstu vikuna í nóvember þar sem umrætt hluthafalán verður til umfjöllunar hjá hluthöfum félagsins.

Fyrir hönd stjórnar Mýsköpunar ehf,

Hrönn Greipsdóttir, formaður

